

SKOLAR

HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA



samtök sjálfstæðra skóla

Heilsuleikskólinn Kór

"heilbrigð sál í hraustum líkama"



Jafnréttisstefna

2019

Heilsuleikskólinn Kór
Baugakór 25
203 Kópavogur
Netfang: kor@skolar.is
Sími: 570-4940

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Heilsuleikskólinn Kór	4
Markmið og leiðir jafnréttisstefnunnar	5
Markmið	5
Leiðir	7
Nemendur	7
Foreldrar	8
Kennarar og aðrir starfsmenn	9

Inngangur

Hér ber að líta jafnréttisstefnu Heilsuleikskólans Kórs sem unnin var í samvinnu við leikskóla Kópavogs sem byggir á lögum, reglugerðum, stjórnarskrá og sáttmálum sem sett hafa verið um málefnið. Jafnréttisstofa www.jafnretti.is hefur eftirlit með lögum nr. 10/2008 www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html og felst eftirlitið m.a. í innköllun jafnréttisáætlana og innköllun skýrslna um framgang mála.

Jafnréttisstefna leikskóla Kópavogs er gerð í samræmi við ákvæði laga um Jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, Aðalnámskrá leikskóla, Barnasáttmálann og Stjórnarskrá Íslands., www.jafnretti.is. Stefnan tekur einnig mið af Jafnréttis- og mannauðsstefnu Kópavogsbæjar, Starfsmannastefnu Kópavogsbæjar sem og öðrum áætlunum sem koma inn á mismunun s.s. jafnréttisáætlun, eineltisáætlun og forvarnaráætlun um kynbundið ofbeldi.

Í [Aðalnámskrá leikskóla](#) segir m.a. að í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla séu skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Leggja ber áherslu á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi hvors kynsins. Mikilvægt er að í öllu skólastarfi og í öllum samskiptum séu þessi ákvæði jafnréttislaga höfð að leiðarljósi.

Heilsuleikskólinn Kór

Er við Baugakór 25 í Kópavogi. Skólar ehf. hafa verið með þjónustusamning við Kópavogsbæ frá því hann tók til starfa 1. júní 2006. Kór er 842 m² að stærð og er byggingin eign Kópavogsbæjar.

Á leikskólanum eru sex deildir/lundir með 112 nemendum frá 18 mánaða aldri til sex ára. Deildarnar/lundirnir draga nafn sitt annars vegar að Guðmundalundi sem er eitt kennileita nánasta umhverfis og hins vegar dyggðum en þær/þeir heita Friðarlundur, Vinalundur, Gleðilundur, Gæðalundur, Tryggðarlundur og Kærleikslundur.

Leikskólinn Kór var vígður Heilsuleikskóli 1. desember 2008 og er kjörorð leikskólans „**heilbrigð sál í hraustum líkama**“. Samkvæmt Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur er markmiðið að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á **næringu, hreyfingu og sköpun í leik og starfi**.

Frá opnun leikskólans var mikill áhugi fyrir umhverfismennt en snemma árs 2010 var tekin meðvituð ákvörðun um að efla hana enn frekar í leikskólanum. Umhverfismennt fellur vel að Heilsustefnunni, að hugsa vel um umhverfi sitt til jafns við líkama og sál.

Á sex ára afmæli skólans þann 1. júní 2012 fékk skólinn afhentan Grænfánann í fyrsta sinn en í fjórða sinn þann 1. júní 2018.

Heilsuleikskólinn Kór fékk Umhverfisviðurkenningu árið 2012 frá Umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogs fyrir framlag sitt til umhverfis og samfélags. Erum við afar stolt af þeirri viðurkenningu.

Markmið og leiðir jafnréttisstefnunnar

Til að framkvæma Jafnréttisstefnu leikskóla er sett fram verkefnastýrð jafnréttisáætlun með markmiðum, leiðum, ábyrgð og tímaramma. Með áætluninni verður unnið að því að framfylgja markmiðum Aðalnámskrár um jafnréttismenntun með því að samþætta jafnréttissjónarmið allri starfsemi leikskólans með áherslu á sértækum aðgerðum um kynjajafnrétti. Það hefur sýnt sig að þetta tvennt, ásamt öflugri fræðslu starfsfólks og barna er nauðsynlegt til þess að árangur náist.

Með breyttu hugarfari og öflugri fræðslu verður starfsfólk betur í stakk búið að afbyggja staðlaðar hugmyndir barnanna um kynin, opna fyrir þeim fleiri möguleika sem kynjahlutverk eiga til að útiloka og um leið jafna stöðu stúlkna og drengja. Sú leikni sem nemendur öðlast í markvissri jafnréttiskennslu mun undirbúa þau fyrir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Markmið jafnréttismenntunar í Aðalnámskrá leikskóla hafa verið höfð að leiðarljósi við gerð stefnunnar. Þar segir m.a. að markmiðið sé að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks náms, námsaðferða og námsumhverfis.

Markmið

Að stuðla að jafnrétti kynjanna á sem viðtækustum grunni og ber öllum starfsmönnum leikskóla Kópavogs að starfa samkvæmt þeim.

- Að koma fram við alla starfsmenn, foreldra og nemendur af virðingu.
- Skapa jákvæða samvinnu á uppbyggilegan hátt þar sem áhersla er á góðan staðblæ. Er hvetur til góðra og skapandi verka og leggst gegn hvers konar einelti.
- Með því að gæta jafnréttis í öllu starfi.
- Að leggja áhersla á að hafa kynjasamþættingu að leiðarljósi við skipulagningu og mótun stefnu skóla.
- Kynbundin mismunun er óheimil í hvaða formi sem hún birtist og er það stefna skólans að útrýma mismunun komi hún í ljós.
- Lögð er áhersla á að í leikskólunum sé unnið gegn viðhorfum sem leitt gætu til aðstöðumunar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar og kynhneigðar.
- Koma í veg fyrir að nemendur, starfsmenn og foreldrar verði fyrir kynbundnu áreiti, kynferðislegu áreiti eða kynbundnu ofbeldi í skólanum.

Mikilvægt er að tryggja jafnrétti í víðum skilningi til að hæfileikar allra fái notið sín og leikskólinn njóti þess mannauðs sem býr í hverjum og einum. Í jafnréttisstefnu leikskóla Kópavogs sem nær til námskráa, starfsmannastefnu og samvinnu við foreldra er gengið út frá þremur grundvallaratriðum:

- Samstaða og jákvæð samskipti/samvinna kynja er leið til jafnréttis
- Stúlkur og drengir eiga sama rétt og hafa sömu skyldur
- Karlar og konur eiga sama rétt og hafa sömu skyldur

Veita skal starfsfólki reglulega fræðslu um Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni. Mikilvægt er að allir hafi svipaðan skilning á því hvar mörkin liggja.

Samkvæmt 22. gr. um kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni <https://www.jafnretti.is/is/vinumarkadur/jafnrettisaaetlanir-1/lesefni>

Í 2. gr. eru hugtökin skilgreind á eftirfarandi hátt:

Kynbundin áreitni:

- Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Kynferðisleg áreitni:

- Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Kynbundið ofbeldi:

- Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Leiðir

Nemendur			
Markmið	Leiðir	Ábyrgð	Tímarammi
Kennslu- og námsgögn eiga að stuðla að jafnrétti allra.	Að yfirfara reglulega öll kennslu- og námsgögn skólans og tryggja að þau séu ekki kynjuð. Orðræðan þarf að vera þannig að nemendur finni að öll viðfangsefnin séu fyrir þau og þau geti tekið þátt í öllum leikjum. Starfsfólk þarf að hvetja nemendur til að leika með leikefni sem þau hafa sniðgengið, „lokka“ nemendur til þátttöku.	Allir starfsmenn leikskólans.	Á skipulagsdegi er rætt um mikilvægi orðræðunnar. Ár hvert er farið yfir öll kennslugögn og allt leikefni.
Mæta skal þörfum sérhvers nemanda og tryggja að hann fái viðeigandi hvatningu og örvun í leik og starfi.	Unnin skal einstaklingsnámskrá til að mæta þörfum hvers nemanda óháð kyni.	Deildarstjórar og annað starfsfólk deilda.	Haust- og vorönn.
Þess skal gætt að ýta ekki undir staðalímyndir og að jafnvægi sé á milli þeirra kynjafyrirmynda og hugmynda sem birtast í textum og bókum.	Nýta vinnureglur um bækur sem eru við bókasöfn skólans. Mikilvægt er að vera meðvitaður um texta og myndir í bókum, ef hallar á annan er mikilvægt að ræða við nemandahópinn um það. Einnig er hægt að breyta textanum þannig að hann falli að hugmyndum um kynjajafnvægi.	Allir starfsmenn leikskólans.	Á alltaf við, rætt sérstaklega á deildarfundum í janúar.
Tryggja að stúlkur og drengir hafi sama rétt, fái sama viðmót og njóti sömu hvatningar og örvunar í skólastarfi.	Regluleg fræðsla til starfsmanna og verkefnavinna til að hver og einn skoði eigin viðhorf til jafnréttiskennslu og hafi skilning á nauðsyn þess að nemendur fái sama viðmót og sömu hvatningu. Stuðla skal að vináttu, samleik og jákvæðum samskiptum stúlkna og drengja.	Allir starfsmenn leikskólans.	Fræðsla á skipulagsdegi að hausti, eftirfylgd á deildarfundum í janúar.
Unnið skal gegn þeirri tilhneingingu að skipta veröldinni upp í drengi/karla og stúlkur/konur.	Leitast skal við að tala ókynbundið við nemendur. Nota frekar orðið börn/krakkar en stúlkur/drengir. Forðast eftir getu að nota hugtökin stelpur/strákar þegar talað er við nemandahópinn, þar sem þau senda nemendum skilaboð um kynjun sem félagslegt merki. Að stilla ekki upp kynjum sem andstæðum sem engin tengsl er á milli. Þannig fyrirmyndir móta hugmyndir nemenda um kynin.	Allir starfsmenn leikskólans.	Fræðsla á skipulagsdegi að hausti, eftirfylgd á deildarfundum í janúar.
Leitast skal við að tryggja að nemendur upplifi að bæði karlar og konur starfi í skólanum og að bæði kyn vinni þar hin ýmsu verk.	Að jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum og tryggja að allir starfsmenn, óháð kyni, gangi í þau verk sem vinna þarf hverju sinni.	Allir starfsmenn leikskólans.	Þegar auglýst er eftir starfsfólki eru bæði kynin hvött til að sækja um laus störf. Allir starfsmenn ganga í öll störf sem þarf að sinna.
Varast ber að nota hugtök sem upphefja eða niðurlægja annað kynið.	Fræðsla til starfsmanna og umræða um þessi hugtök til þess að þeir verði betur vakandi gagnvart slíkri orðræðu.	Allir starfsmenn leikskólans.	Fræðslufundur á skipulagsdegi að hausti.

Nemendur skulu hljóta fræðslu um jafnréttismál til að búa þá undir jafna þátttöku í samfélaginu. Að nemendur upplifi það eðlilegt að öll kynin vinni hin ýmsu störf utan og innan heimilis.	Starfsmenn eru fyrirmyndir nemenda og þegar þeir ganga í þau störf sem fyrir liggja hefur það áhrif á nemendur. Umræður um hlutverkaskiptingu á heimilum nemenda og á vinnustöðum, hvert er fyrirkomulagið og af hverju er það þannig. Skoða Jafnréttistorg: Lesa og ræða um bókina „Þegar Friðrik var Fríða og þegar Rósa var Ragnar“ (Windfeldt og Clante, 2008) í samveru og í hvíldarstundum. Sérstaklega skal vinna með bókina með tveimur elstu árgöngum leikskólans og nota umræðupunkta til að leiða samtalið.	Starfsmenn deilda.	Í daglegum störfum sem fyrirmyndir nemenda. Lestur og umræður um bókina „Þegar Friðrik var Fríða og þegar Rósa var Ragnar í nóvember ár hvert.
Í námsráðgjöf og starfsfræðslu fái strákar og stelpur fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.	Þegar fjallað er um samfélagsmál er mikilvægt að huga að orðræðu starfsmanna og nemanda og velja upp öllum álitamálum. Í vettvangsferðum er lögð áhersla á að skoða ólíka vinnustaði og ræða jafnrétti í víðum skilningi. Að skapa umræður meðal nemanda um verkaskiptingu á heimilum og vinnustöðum.	Starfsmenn deilda.	Þegar farið er á vinnustaði í vettvangsferðum.
Koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum.	Mikilvægt er að kynja ekki nemendur í leik. Að ræða um vináttu og samskipti í verkefnavinnu og í samverustundum. Að vera ávallt til staðar þar sem nemendur eru í leik og starfi og vera tilbúin að grípa inn í. Lesa bókina „Þetta eru mínir einkastaðir“ fyrir tvo elstu árganga leikskólans á haustönn.	Allir starfsmenn skólans.	Vinátta er dyggð í öllu okkar starfi.
Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólasterfinu.	Í stefnumótun leikskólans og allri áætlunargerð skal kynjajafnrétti haft að leiðarljósi.	Allir starfsmenn skólans.	Þegar unnið er í stefnumótun og við áætlanagerð.

Foreldrar			
Markmið	Leiðir	Ábyrgð	Tímarammi
Ef fleiri en einn stendur að baki nemanda ber að líta á foreldra sem jafngilda í samstarfinu.	Kalla skal eftir upplýsingum frá foreldrum um hagi, búsetu, símanúmer og netföng.	Stjórnendur skólans.	Við innritun nemenda í leikskólann og í daglegum samskiptum.
Feður og mæður eru hvött jafnt til þátttöku í leikskólasterfinu.	Foreldrar, óháð kyni, eru hvattir til þátttöku með því að senda upplýsingar til allra aðila.	Stjórnendur skólans.	Þegar upplýsingar eru sendar í öllum tölvupósti/auglýsingum frá skólanum.
Beina skal samskiptum, upplýsingum og skilaboðum að foreldrum hvort sem þau eru í sambúð eða ekki.	Þegar blað nemanda er fyllt út í byrjun leikskólagöngu er mikilvægt að fá upplýsingar hjá foreldrum um hvernig þeir vilja haga samskiptum.	Deildarstjórar og annað starfsfólk skólans.	Í öllum daglegum samskiptum við foreldra nemenda. Mikilvægt er að senda upplýsingar frá deildinni á alla foreldrana.

Kennarar og aðrir starfsmenn

Markmið	Leiðir	Ábyrgð	Tímarammi
Í leikskólanum starfi bæði konur og karlar. Laus störf standa bæði konum og körlum til boða.	Í öllum auglýsingum á vegum skólans eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um auglýsta stöðu.	Leikskólastjóri.	Í öllum tilfellum sem lausar stöður eru auglýstar.
Jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum.	Ef tveir jafnhæfir einstaklingar sækja um auglýsta stöðu, skal sá af því kyni sem í minnihluta er að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningu. Mikilvægt er að hvetja til samfélagslegrar umræðu um að starf í leikskóla er ekki háð kyni. Þegar ráðið er í lausar stöður hvetjum við alla starfsmenn til samfélagslegrar umræðu um að starf í leikskóla sé óháð kyni.	Leikskólastjóri, allir starfsmenn leikskóla.	Á starfsdögum hvetjum starfsmenn að vera með samfélagslegra umræðu innan skólans sem utan að starf í leikskóla sé óháð kyni.
Verkaskipting skal vera ókynbundin. Gæta skal jafnréttis hvað varðar ábyrgð og þátttöku kennara og annarra starfsmanna í starfsmannahópnum.	Starfslýsingar eiga að henta öllum starfsmönnum leikskólans óháð kyni, það sama gildir um öll önnur tilfallandi störf.	Leikskólastjóri og aðrir stjórnendur skólans.	Þegar unnið er við starfslýsingar og skipulagningu starfsins.
Að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf.	Í Jafnréttis- og mannréttindastefnu Kópavogs kemur fram að konum og körlum sem starfa hjá sama atvinnurekanda skuli greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf í anda Jafnréttislaga. Konur og karlar skulu njóta sambærilegra launa, kjara og réttinda fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir bæði kynin og er starfsfólki heimilt að skýra frá launakjörum sínum, sbr. 19. gr. Jafnréttislaga.	Skólar ehf., launasetur starfsfólk og ber leikskólastjóra að fylgja því eftir að það sé í anda Jafnréttislaga.	Við gerð ráðningasamninga og við launasetningu.
Konur og karlar sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþjálfun og endurmenntun.	Samkvæmt Jafnréttis- og mannréttindastefnu Kópavogs skulu allir starfsmenn Kópavogsbæjar standa jafnfætis þegar kemur að framboði og möguleikum til símenntunar og starfsþróunar óháð kyni. Allir skulu njóta sömu möguleika til að sækja þau námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.	Leikskólastjóri og deildarstjórar.	Þegar símenntunaráætlun skólans er undirbúin.
Efla kynjafræðipækkingu starfsfólks.	Á hverju hausti skal boðið upp á fræðslu um kynjafræði. Í fyrirlestra- og/eða umræðuformi.	Leikskólastjóri.	Á skipulagsdegi að hausti.

Að allir starfsmenn skólans geti eftl kunnáttu sína og hæfni.	Starfsmenn leikskóla Kópavogs geta sótt námskeið á vinnutíma sínum. Að hausti er námsframboð kynnt öllum starfsmönnum og þeir hvattir til að velja sér fyrirlestra við hæfi.	Allir starfsmenn skólans.	Á deildarfundum að hausti er farið yfir námsframboð og óskir starfsmanna deilda.
Nýta mannauðinn	Lögð er áhersla á jákvætt andrúmsloft, þar sem mannauðurinn er nýttur og öll framlög og allar hugmyndir njóta virðingar.	Allir starfsmenn skólans.	Á alltaf við. Ræða þessi mál á deildarfundum að hausti og eftir áramót.
Nota skal orðfæri sem höfðar til allra kynja.	Fræðsla til starfsmanna þannig að þeir séu færir um að takast á við núverandi orðræðu nemanda og fullorðinna og snúa henni við.	Stjórnendur skólans bera ábyrgð á fræðslu. Allir starfsmenn bera ábyrgð á orðræðunni.	Sérstaklega skal vera vakandi yfir orðræðunni í samverustundum.
Starfsfólki sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.	Leitast skal við að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu s.s. með sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna og þarfa vinnuveitanda. Ætlast er til þess að feður jafnt sem mæður taki á sig fjarveru frá vinnu vegna eigin barna.	Leikskólastjóri og aðrir starfsmenn leikskólans.	Þegar farið er yfir réttindi og skyldur starfsmanna á skipulagsdegi að hausti skal fjallað um samræmingu starfsskyldu og fjölskyldulífs.
Koma í veg fyrir að starfsfólk og nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.	Það er hlutverk atvinnurekendur eða yfirmanna skólana að veita starfsfólki reglulega fræðslu um kynferðislegt áreiti og kynbundið ofbeldi. Mikilvægt er að allir hafi svipaðan skilning á því hvar mörkin liggja.	Atvinnurekendur/ stjórnendur skólans.	Fræðsluerindi á skipulagsdegi að hausti.
Ef stjórnandi er kærður	Ef fyrir liggur kæra á hendur stjórnanda vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, ætlaðrar kynbundinnar áreitni eða ætlaðrar kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir.	Næsti yfirmaður/ áhættuteymi skólans	Skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.

Ábyrgð
Bjarney K. Hlökkversdóttir
Leikskólastjóri